



Skýrsla um innra mat Kópavogsskóla fyrir skólaárið 2021-2022

sept. 2022

Björk Hafliðadóttir
Elísabet Pétursdóttir
Guðmundur Ásmundsson
Jóhannes Larsen
Ólöf Jóna Sigurjónsdóttir

Inngangur	3
Markmið og áherslupættir	3
Teymi og áætlun skólaárið 2021-2022	4
Verkpættir skólaárið 2022-2023	5
Kannanir námsráðgjafa	5
Skólapúlsinn 2021-2022	8
Starfsmannakönnun	8
Nemendakönnun	14
Starfsmannasamtöl	21
Foreldrasamtöl	21
Þróunarstarf í Kópavogsskóla	22
Könnun á vímuefnaneyslu unglinga	22
Lesferill	23
Umbótaáætlun 2022-2023	24
Innra mat skólaárið 2022-2023	25
Innra mat – áætlun 2019-2025	26
Lokaorð	27

Inngangur

Öllum grunnskólum er ætlað samkvæmt Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 að skoða innra starf sitt með markvissum hætti og nýta til þess þau gögn sem verða til í skólastarfinu. Í þessari skýrslu er lýsing á því innra mati sem fór fram í Kópavogsskóla skólaárið 2021-2022. Innra mat er ferli þar sem skólinn aflar upplýsinga um starfsemi sína, leggur mat á hana og íhugar í framhaldi gengi sitt með tilliti til nemenda og starfsfólks. Í henni er farið yfir markmið matsins og gildi Kópavogsskóla auk sjálfs vinnuferilsins og verkáætlun vegna matsins.

Skólastarf vetrarins markaðist mjög af COVID og sífelldum breytingum á kennsluskipulagi, óvæntum lokunum, frestunum og niðurfellingu atburða og breytingum á áætlunum, m.a. áætlunum um skipulag innra mats. Þá voru veikindi starfsmanna gríðarleg, bæði langtímaveikindi og tilfallandi, og það raskaði skólastarfinu mjög mikið. Ljóst er þegar þetta er ritað (í lok júní) að nokkrir starfsmenn verða áfram í veikindaleyfi fram eftir haustinu en vonir standa til að hægt verði að fylgja öllu skipulagi þrátt fyrir það.

Í seinni hluta mars uppgötvaðist mygla í nokkrum kennslustofum og þeim strax lokað. Færa þurfti kennslu nemenda í 6.-10. bekk í Fannborg 2 (um 100 metra frá skólahúsnæði Kópavogsskóla) og nemendur í 1. og 4. bekk voru færðir í unglunga álmu skólans til að rýma kennslustofurnar sem þurfti að lagfæra.

Árlega leggur námsráðgjafi tengslakönnun fyrir nemendur og einnig könnun á líðan og einelti og fjallað er um þær niðurstöður í skýrslunni. Kópavogsskóli nýtir sér vefkerfið Skólapúlsinn til að spyrja nemendur, foreldrar og starfsmenn út í ýmsa þætti skólastarfsins. Á skólaárinu var Skólapúlsinn nýttur til að afla upplýsinga frá nemendum og starfsmönnum en að auki voru starfsmannaviðtöl nýtt til að fá fram viðhorf starfsmanna. Skólastjórnendur skiptu viðtölunum á milli sín og þar með töldum þeim viðtölum sem deildarstjóri sérúrræða hefur að öllu jöfnu tekið. Deildarstjórar stiga ræddu við „sína“ kennara en í einstaka tilfellum voru undantekningar enda starfsmönnum gefinn kostur á að ræða við þann stjórnanda sem þeir kusu. Skólastjóri ræddi við list- og verkgreinakennara og starfsmenn í námsveri skólans. Fjallað er um helstu niðurstöður úr þessum athugunum í skýrslunni og einnig er fjallað um úrbætur á skólastarfinu í tengslum við niðurstöður þess mats sem gert var á skólaárinu 2020-2021 og þeirri umbótaáætlun sem varð til í framhaldi af því. Að lokum er farið yfir fyrirhugað mat á skólaárinu 2022-2023.

Markmið og áherslupættir

Markmið innra matsins er að fá fram sem viðtækastar upplýsingar um skólastarfið og leitast við að styrkja sterka þætti og bæta úr þeim þáttum sem betur mega fara. Í báðum tilvikum er hægt að vinna að úrbótum, efla það sem vel gengur og bæta það sem kemur verr út. Innra mat er einnig leið til þess að sýna helstu hagsmunaaðilum fram á gæði skólastarfsins.

Upplýsingar um Skólapúlsinn má finna á upplýsingasíðu þeirra, <http://skolapulsinn.is/um/>.

Þegar stefnan „Uppeldi til ábyrgðar“ var valin sem uppeldisstefna skólans á sínum tíma var það gert m.a. í þeim tilgangi að byggja skólastarfið á jákvæðni og góðum samskiptum allra aðila skólasamfélagsins. Meginmarkmiðið er að öll samskipti mótist af virðingu og jákvæðni og að allt skólastarfið gangi fyrir sig á sem uppbyggilegastan hátt. Í þeim könnunum sem voru lagðar fyrir nemendur og starfsmenn á skólaárinu er reynt að draga fram hvernig til hefur tekist og ráðast í umbætur eftir að niðurstöður hafa verið greindar. Vinnan við umbæturnar er skipulögð af teymi um innra mat og verkferlar unnir með tilliti til hvers þáttar.

Teymi og áætlun skólaárið 2021-2022

Í teymi um innra mat sátu á skólaárinu Elísabet Pétursdóttir námsráðgjafi, Guðmundur Ásmundsson skólastjóri, Jóhannes Larsen fulltrúi foreldra og kennararnir Ólöf Jóna Sigurjónsdóttir og Björk Hafliðadóttir. Guðmundur Ásmundsson skólastjóri ritaði drög að skýrslu og gekk frá endanlegri gerð hennar eftir yfirlestur og ábendingar teymisins. Ýmsir kennarar komu að fyrirlögn kannananna en verða ekki tíundaðir hér.

Í framhaldi af niðurstöðum innra mats fyrir skólaárið 2020-2021 var ákveðið að huga sérstaklega að eftirtöldum atriðum í umbótaáætlun skólans fyrir skólaárið 2021-2022.

Efnispáttur	Framkvæmd	Ábyrgð	Lokið	Mat á umbótum
Einelti	Endurskoðun verkferla og kynning fyrir starfsmenn	Eineltisteymi	Maí 2022	Endurskoðun verkferla og kynningu lokið.
Samskipti við heimili	Upplýsingagjöf til foreldra um nám og líðan nemenda í skólanum gerð markvissari	Umsjónarkennarar og skólastjórnendur	Nóvember 2021	Misjafnt eftir árgöngum. Miklar fjarvistir kennara höfðu í för með sér of litla upplýsingagjöf til foreldra í ákveðnum árgöngum.

Skólastefna	Skólastefna Kópavogsskóla endurskoðuð og uppfærð til ársins 2024	Skólaráð	Upphaflega gert ráð fyrir maí 2022 en frestað fram til haustsins 2022 vegna óvenjulegra aðstæðna	Undirbúningsvinna í júní 2022 og endurskoðun með aðkomu allra aðila skólasamfélagsins unnin í upphafi skólaárs 2022-2023
-------------	------------------------------------------------------------------	----------	--------------------------------------------------------------------------------------------------	--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Verkþættir skólaárið 2022-2023

- Kynning á niðurstöðum fyrir skólaárið 2021-2022 og umbótaáætlun fyrir skólaárið 2022-2023.
- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir foreldra.
- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir nemendur.
- Námsráðgjafi leggur tengslakönnun og könnun um einelti og líðan fyrir í öllum árgöngum.
- Skólastjórnendur hitta foreldra barna í hverjum árgangi og ræða málefni árgangsins.
- Reglulegir fundir með stjórn foreldrafélags skólans.
- Umræðufundir kennara á yngsta-, mið- og elsta stigi um kennsluhætti og þróun á viðkomandi stigi.
- Kennarafundum skipt upp og hluti faglegrar umræðu aukinn.
- Reglulegar heimsóknir skólastjórnenda í kennslustundir.
- Formleg samtöl skólastjórnenda við starfsmenn.
- Umræðufundir í framhaldi af niðurstöðum kannana vetrarins.

Kannanir námsráðgjafa

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að standa vörð um velferð allra nemenda, styðja þá og liðsinna þeim í málum er snerta nám, skólavist, framhaldsnám og starfsval. Meðal verkefna náms- og starfsráðgjafa má nefna persónulegan og félagslegan stuðning við nemendur, hvort heldur í hóp eða einstaklingslega, ráðgjöf varðandi vinnubrögð í námi

o.fl. Náms- og starfsráðgjafi vinnur í nánu samstarfi við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara, skólasálfræðing og hjúkrunarfræðing skólans ásamt aðilum utan skólans eins og sálfræðingi heilsugæslunnar.

Starfið í tölum

Bekkur	Fjöldi einstaklinga	Hlutfall
1. bekkur	45	18%
2. bekkur	18	7%
3. bekkur	3	1%
4. bekkur	8	3%
5. bekkur	36	14%
6. bekkur	39	16%
7. bekkur	20	8%
8. bekkur	27	11%
9. bekkur	13	5%
10. bekkur	40	16%
Utanskóla	2	

251 nemandi kom til náms- og starfsráðgjafa í vetur, alls 782 heimsóknir. 56% þeirra sem komu til náms- og starfsráðgjafa voru strákar, 44% stelpur. 45% mála tengdust persónulegri ráðgjöf, 10% tengdust náms- og starfsfræðslu og 20% tengdust náms- og starfsráðgjöf. Um 10% skráninga tengdust fundum með nemendum, kennurum, foreldrum og/eða öðrum fagaðilum. Önnur mál tengjast m.a. hópráðgjöf, símaviðtölum við foreldra og aðstoð við nemendur í prófum.

Ráðgjöf

Enn einn veturinn hefur Covid sett svip sinn á starf námsráðgjafa, þó í mun minna mæli en síðustu tvö árin. Mygla bættist við og síðustu vikur skólaársins var námsráðgjafi á flakki á milli húsa. Áberandi var hversu mikið minna nemendur unglíngastígs leituðu til námsráðgjafa eftir þessar breytingar enda þurfti að fá aðstoð við að komast í gegnum kaffistofu/skrifstofu kennara til þess að komast til ráðgjafa. Yngsta stig skólans nýtur nú þjónustu iðjubjálfa sem hefur tekið mestan hluta félagsfærniþjálfunar sem áður var á höndum námsráðgjafa og endurspegla tölurnar þann veruleika. Haldið var áfram að viðhalda [heimasíðu um námstækni](#) sem birt er á heimasíðu skólans og upplýsingar um innritun í framhaldsskóla og fleira sett saman í [padlet](#) sem var birt nemendum í 10. bekk og foreldrum þeirra og má sömuleiðis finna á heimasíðu skólans. Þetta var svo einnig notað fyrir nemendur í 9. bekk.

Kannanir

Námsráðgjafi leggur nokkrar kannanir fyrir á hverju skólaári. Einkennandi fyrir þetta ár hefur verið fjarvera margra nemenda og því verið svolítt eltingaleikur við að ljúka við að taka þessar kannanir.

Könnunin [Ég og skólinn minn](#) var lögð fyrir í 1. bekk í október. Að fyrirlögn lokinni eru niðurstöður skoðaðar með umsjónarkennurum.

Tengslakannanir eru lagðar fyrir nemendum 2.-10. bekkjar 1-2 sinnum á ári og oftast sé þörf á því. Þar eru spurningar um líðan ásamt spurningum tengdum vinatengslum. Niðurstöður eru svo skoðaðar með umsjónarkennurum og brugðist við sé þess þörf.

[Könnun um líðan og samskipti](#) er lögð fyrir nemendum á mið- og unglingastigi og eru niðurstöður skoðaðar með kennurum. Lagt er tillit að kennarar fjalli um einelti áður en könnun er lögð fyrir, sjá [dæmi um glærur](#) sem hægt er að nota við þessa fræðslu.

Viðtöl

Nýnemaviðtöl eru tekin stuttu eftir að nýir nemendur hefja nám í skólanum. Hefðbundin, reglubundin viðtöl við námsráðgjafa að beiðni stjórnenda, kennara og foreldra er stærsti hluti hins daglega starfs en sömuleiðis eru viðtöl við nemendur að þeirra frumkvæði sístækkandi hluti starfsins. Algengustu málín þar eru námstengd og svo persónuleg mál.

Námsviðtöl á unglingastigi

Tekin voru námsviðtöl við nemendur í 8. og 10. bekk í september/október. Var gott að fá að hitta alla og ýmislegt sem þar kom fram sem hægt var að vinna með áfram. Fyrir 8. bekk var notast við [eyðublað](#) sem hefur reynst ágætlega en þar svara nemendur og eru svo atriðin tillit umræðu í viðtali. Nemendur 10. bekkjar notast hins vegar við annað [eyðublað](#). Eftir þessa vinnu komu nokkrir nemendur í áframhaldandi viðtöl. Markmiðið er ávallt að reyna að finna grundvöll til þess að nálgast nemendur og aðstoða þá þar sem þess er þörf.

Hópráðgjöf - starf inni í bekk

Hópráðgjöf hefur ávallt verið hluti af starfinu og hefur helst tengst námstækni og samskiptum. Námskeið í prófkvíða, undirbúningi og próftöku eru helst haldin á mið- og unglingastigi en samskiptanámskeið helst á yngsta og miðstigi. Í ár voru haldin 2 hópnámskeið í prófkvíða á unglingastigi en um er að ræða 4-6 tíma námskeið. Unnið var að samskiptum í 6. bekk í samstarfi við umsjónarkennara, deildarstjóra og foreldra og í 5. bekk í samstarfi við umsjónarkennara, deildarstjóra og iðjupjálfa.

Skólapúlsinn 2021-2022

Starfsmannakönnun

Könnunin var lögð fyrir í febrúar og starfsmönnum gafst kostur á að á að afþakka þátttöku. Í leiðbeiningum frá Skólapúlsinum segir: „Öryggismörk í marktektarprófum eru 90%. Lágmarkssvarhlutfall í hverjum skóla var 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf starfsfólks í skólanum. Niðurstöður skóla með lægra en 60% svarhlutfall eru ekki birtar.” Þrátt fyrir alla eftirfylgni náðist svarhlutfall í Kópavogsskóla aðeins í 71,4% og hugsanlegt er að gríðarlegt álag vegna fjarvista starfsmanna hafi haft þar áhrif. Niðurstöður könnunarinnar eru:

Starfið:

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	5,2	45	-0,1	4,8	2.365	0,4
1.2. Skýrleiki hlutverks	4,6	45	-0,1	4,9	2.361	-0,3
1.3. Ágreiningur um hlutverk	5,6	45	-0,1	4,9	2.364	0,7*
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	4,8	45	-0,7	5,1	2.362	-0,3

Þarna vekur liður 1.3 athygli en og nánari athugun leiðir í ljós að miðstig skólans sker sig verulega frá hinum hópnum og þar er hærra hlutfall kennara sem telur sig vera að vinna verk sem aðrir ættu að vinna.

Starfsmenn:

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	4,4	44	-0,7	4,9	2.344	-0,4
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	4,7	43	0,3	5,1	2.341	-0,4
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	5,4	44	-0,1	5,1	2.341	0,3

Þegar liður 2.1 er skoðaður nánar kemur í ljós að nokkrir starfsmenn eru ekki nógu ánægðir með vinnuafköstin eða gæði vinnu sinnar. Í starfsmannasamtölum kom fram mjög mikil þreyta og spurning hvort hún hafi áhrif á þennan þátt.

Vinnustaðurinn:

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	4,7	44	-0,1	5,2	2.325	-0,5*
3.2. Ánægja með vinnuástöðu	3,5	43	-	5,0	2.257	-1,5*
3.3. Stuðningur frá samstarfsfólki	4,8	44	-0,1	5,1	2.315	-0,3
3.4. Stuðningur við nýsköpun	4,5	43	-0,1	5,1	2.312	-0,6*
3.5. Mismunur	5,1	44	0,2	4,8	2.313	0,3
3.6. Einnelti (þú)	6,8%	3/44	4,8%	4,1%	94/2306	2,7%
3.7. Einnelti (annar en þú)	18,6%	8/43	6,4%	10,1%	232/2291	8,5%*
3.8. Einnelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	7,0%	3/43	4,9%	4,9%	113/2291	2,1%

Vinnuástaðan er þröng og húsnæðið gamalt og mikilvægt að vinna við úrbætur hefjist sem fyrst því lítið er hægt að gera fyrr en húsnæðið stækkar. Mat starfsmanna á einelti í garð annarra þarf að skoða nánar af eineltisteymi skólans. Hægt er að leita til eineltisteymis Kópavogsbæjar til að fá leiðbeiningar ef teymi skólans telur náðina of mikla.

Stjórnun:


Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	5,0	45	-0,2	5,2	2.292	-0,2
4.2. Sanngjörn forysta	5,3	44	-0,0	5,2	2.280	0,1
4.3. Valdeflandi forysta	4,9	43	-0,3	5,0	2.260	-0,1
4.4. Ræktun mannaúds	4,6	44	-0,6	5,0	2.281	-0,4

Vegna veikindaleyfis eins stjórnenda skólans stærsta hluta skólaársins var stuðningur stjórnenda við starfsmenn óneitanlega minni en verið hefur. Það leiddi líka af sér ákveðna óvissu um hlutverk sem á að leysast þegar stjórnendahópurinn verður fullmannaður.

Kennarar - kennarastarfið:

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Ánægja með kennarastarfið	4,8	33	-0,1	5,2	1.508	-0,4
5.2. Trú kennara skólans á eigin getu	4,9	32	-0,2	5,1	1.492	-0,2
5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	5,1	30	0,1	4,9	1.332	0,2
5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	39,4 mín	27	-13,3 mín	41,5 mín	1.247	-2,1 mín
5.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	66,7%	22/33	-2,1%	63,9%	977/1528	2,8%
5.6. Öllum bekknum kennt í einu	48,3%	14/29	3,1%	46,5%	642/1380	1,8%
5.7. Hópavinna í bekk	34,5%	10/29	-6,9%	36,6%	481/1313	-2,1%
5.8. Einstaklingsvinna í bekk	20,0%	6/30	-28,4%	30,1%	432/1435	-10,1%
5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	37,5%	12/32	-29,2%	53,0%	777/1465	-15,5%*
5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	3,3%	1/30	-7,0%	12,0%	169/1406	-8,7%
5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	78,1%	25/32	-9,0%	78,5%	1174/1496	-0,4%

Liður 5.9 vekur athygli og þegar hann er skoðaður nánar kemur fram veruleg breyting frá árinu 2020:



Myndin sýnir hvernig niðurstöður skólans og niðurstöður viðmiðunarhópsins breytast á milli ára.

Þessu þarf að breyta því kennsla þarf að miðast við þarfir allra nemenda og það eru allar forsendur til staðar um að það geti verið með þeim hætti.

Kennarar - starfsumhverfi:

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	4,5	27	-0,2	5,0	1.327	-0,5
6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	4,8	25	0,1	4,9	1.308	-0,1
6.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	4,8	32	-1,0	4,8	1.469	0,0
6.4. Samráð um kennslu	4,9	30	-0,3	5,5	1.392	-0,6*
6.5. Samvinna um kennslu	5,1	29	-0,4	5,4	1.333	-0,3

Samráð um kennslu hefur minnkað en það var viðbúið þar sem skólahúsnæðið var hólfað niður og kennarar hittust ekki með sama hætti og áður. Flytja þurfti hluta starfseminnar í annað húsnæði vegna myglu og það hafði veruleg áhrif á samstarf kennara.

Kennarar - símenntun kennara:

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	54,8%	17/31	0,0%	43,6%	608/1394	11,2%
7.2. Símenntunarpörf kennara	5,8	31	-0,4	6,0	1.414	-0,2
7.3. Símenntunarpörf kennara (annað)	-	1	-	-	-	-
7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	46,9%	15/32	-4,7%	49,3%	705/1430	-2,4%
7.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	32	-	-	-	-

Þarna kemur fram að símenntun kennara hefur aukist og þar er ein skýringin að Kópavogsbær hefur aukið verulega framboð af fræðslufundum og námskeiðum. Margt af því eru netfundir og námskeið sem hentar fólki líklega mjög vel.

Opin svör:

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
8.1. Vinsamlegast lýstu því hvað þér finnst <u>gott</u> við vinnustaðinn þinn	-	29	-	-	-	-
8.2. Vinsamlegast lýstu því hvað þér þykir <u>að betur megi fara</u> á þínum vinnustað.	-	26	-	-	-	-

Það sem er gott við vinnustaðinn:

- Stjórnendur eru ekki að skipta sér af kennslu kennara.
- Frábært teymi og stjórnendur styðjandi. Upplifi meiri samstöðu stjórnenda þetta árið, sem er mikill kostur og ýtir undir öryggi í starfi.
- Gott að finna að við erum öll saman í liði með sömu markmið. Það er alltaf hlustað á þau vandamál sem koma upp hjá manni og reynt að finna lausnir í sameiningu. Maður mætir alltaf hlýju og jákvæðni frá stjórnendum.
- Gott samstarfsfólk.
- Gott viðmót stjórnenda.
- Góð vinnuaðstaða í stofum, starfsmannaandi frekar góður, gott að fá mat úr mötuneyti þegar maður borðar með nemendum.
- Góður andi og vinnustaðnum vel stjórnað.
- Góður andi í húsinu - Skólastjóri kemur vel fram og vill leysa úr vanda/verkefnum.
- Góður andi.
- Góður mórall svona oftast
- Margir áhugasamir og færir kennarar. Gott viðmót stjórnenda.
- Mikil gleði og samheldni.
- Mjög gott að koma í vinnuna, góður andi á meðal starfsfólks. Stuðningur og skilningur yfirmanna mikilvægur og til staðar.
- Mjög gott að ræða hluti, ef þarf. Mér er sýndur skilningur, traust og virðing. Góður vinnuandi.
- Mér finnst góður andi í skólanum, gott samstarfsfólk og stjórnendur.
- Mér líður vel í vinnunni, lifandi vinnustaður, nóg að gera.
- Mér semur vel við flest alla sem ég vinn með. Yfirmaður minn hlustar á mig og mér finnst ég alltaf geta leitað til hennar þegar ég er ekki 100% viss hvað ég eigi að gera í ákveðnum aðstæðum. Ég lít nánast aldrei á klukkuna í vinnunni í því skyni til að athuga hversu langur tími sé eftir af vinnunni vegna þess að starfið er vel skipulagt og mér líður vel í mínu starfi.
- Mórallinn
- Nokkuð þéttur starfsmannahópur á mínu stigi.
- Notalegur og heimilislegur
- Opinn og skemmtilegur. Maður fær að læra af mistökum sínum og bæta sig í starfi. Góðir yfirmenn og samstarfsfólk.
- Starfsöryggi
- Stjórnendur eru liðlegir og sanngjarnir. Nemendur frábærir.
- Stjórnendur mjög almennilegir, gott að leita til þeirra. Upplýsingaflæði gott.
- Stjórnendur taka öllum beiðnum frá starfsmönnum með bros á vör. Það er auðvelt að leita til þeirra.
- Sveigjanleiki og hlýja.
- Teymið mitt er best!
- Ég er ánægð með stjórnendur og teymisfélagi mína. Ég er einnig ánægð með aðgengi að reyndari kennurum og hversu opin þau eru fyrir því að deila þekkingu sinni og reynslu með mér. Ég er einnig ánægð með traust stjórnenda á mér og mínu starfi. Ég er líka rosalega ánægð með nemendur mína og þakklát fyrir að fá að kenna þeim.

- Þar er gott fólk og samstarf og virðing

Það sem má betur fara:

- Að stjórnendur átti sig á mikilvægi sveigjanlegs vinnutíma fyrir starfsfólk.
- Aðeins betra skipulag á sérkennslumálum, meiri samfella hjá nemendum og sérkennurum. Mikið um að sé verið að skipta um kennara sem stundum er óumflýjanlegt vegna veikinda en þar sem það er hægt er mikilvægt að þeir kennarar sem þekkja börnin best fái að fylgja þeim. Mikið af þessum börnum sem hafa þörf fyrir stuðning eiga erfitt með að kynnast sífellt nýjum kennurum og það tekur tíma. Sömu börn sífellt á byrjunarreit.
- Betri samskipti og upplýsingaflæði
- Bókasafnið hefur verið alveg lamað sem er mjög miður og mikil þörf á úrbótum þar. Nemendur eru margir ósáttir við framkomu þeirra sem sjá um útigæslu. Það þyrfti að vinna miklu meira með samskipti innan og á milli bekkja. Úrræðaleyfi varðandi erfiða einstaklinga.
- Ekkert
- Hefði mátt úrskýra betur fyrir starfsfólki skólans mikilvægi þess að skrá niður atvik þegar nemendur beita starfsmenn ofbeldi. Höfum alltaf heyrt að skólinn og bærinn styðji við starfsfólk sem virðist ekki eiga við þegar fólk lendir sjálft í málaferlum við t.d. foreldra barna. Þá virðist barnavernd, bærinn og skólinn ekki geta mikið gert.
- Húsnæðið er of lítið.
- Meira jafnræði milli starfsfólks, af hverju eru sumir settir á stall umfram aðrir
- Meiri hreinskilni milli starfsmanna
- Mér finnst mjög mikið vanta upp á sérkennslu í skólanum. Sérkennarar hafa því miður oft mikið verið frá og það bitnar auðvita á nemendum. Í bekkjunum er töluvert af tvítyngdum börnum og einnig eru börn sem þurfa aðstoð félags- og hegðunarlega.
- Nokkrir neikvæðir og sérhlífir starfsmenn skemma andrúmsloftið. Skortur á sameiginlegri sýn á framúrskarandi skólastarf. Takmarkaðar bjargir til að fást við nemendur með frávik.
- Samskipti kennarra/samstarfsfólks á vinnustað - Alltof lítið rými til kennslu og undirbúnings - Lélegur tækjakostur.
- Samskipti og upplýsingaflæði mætti vera betra
- Skólastjórnendur mættu vera sýnilegri á göngum og kennslustofum svona frá degi til dags þ.e að kíkja stundum í heimsókn til að sýna sig og sjá aðra. Einnig mættu kennarar líka kíkja við og sjá hvað samstarfsfólkið er að fást við.
- Skólinn lúin og ósnyrtilegur, borð og stólar sjúskuð. Mikilvægt að allir hjálpast að halda göngum snyrtilegum, vantar aðstöðu til að halda betur utanum fatnað nemenda. Finnst oft gert meira fyrir þá sem frekjast meira álag lagt á aðra fyrir vikið.
- Skýrari stefna í uppeldis og agastjórnun.
- Starfsandinn (rosa mikil neikvæðni). Samskipti starfsfólks við nemendur! Samskipti starfsfólks við annað starfsfólk.
- Sveigjanleiki
- Vantar að starfsmenn sýni meiri samkennd, hjálpssemi og hlýju. Einnig er húsnæði skólans sprungið

- Við þurfum að taka opna umræðu um hvernig skólinn og umhverfið í kringum skólann sé. Hver er nemendahópurinn, er hann frábrugðin öðrum skólum. Hvernig eigum við að takast á við okkar hóp og ganga í takt.
- Ákveðnir aðilar mæta seint eða mæta yfir höfuð ekki í vinnuna og það bitnar á öðru starfsfolki.
- Það er mikil neikvæðni í starfsmannahópnum, mikið kvartað og leiðinlegt viðmót frá ákveðnum einstaklingum sem að dregur mórallinn mikið niður. Almennt hafa verið allt of mikil forföll í vetur og mikið af þeim tengjast covid ekki neitt sem að var alls ekki á bætandi.
- Það mætti vera meiri aðstoð við að mæta nemendum með hegðunar- og/eða námserfiðleika. Stjórnendur eru yfirleitt allir að vilja gerðir en það virkar stundum eins og úrræðin (eða fjármagn) séu einfaldlega ekki til staðar í kerfinu.
- Það þarf að fá kennarana alla á unglingsstigi til að ganga í takt m.t.t námsmats og kennsluáðferða.
- Það mætti bæta tæknibúnaðinn í vinnunni þ.e. spjaldtölvur og fartölvur fyrir starfsmenn.

Nemendakönnun

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir alla nemendur í 6.-10. bekk. Þeim var skipt í fjóra hópa og hver hópur svaraði einu sinni en könnunin var lögð fyrir í október, desember, febrúar og apríl. Alls voru þátttakendur 128 og af þeim svöruðu 102 sem er 79,7% svarhlutfall. Í upplýsingum frá Skólapúlsinum segir: „Öryggismörk í marktektarprófum eru 90%. Lágmarkssvarhlutfall í hverjum skóla er 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 60% eru niðurstöður ekki birtar og svör nemenda eru ekki tekin með í landsmeðaltalið. Þegar um er að ræða óáreiðanlegan svarstíl eða ósamræmi í svörum eru svör viðkomandi nemanda fjarlægð.“ Niðurstöður eftir flokkum má sjá hér fyrir neðan:

Virgni nemenda í skólanum:


Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,2	87	-0,0	4,4	16.560	-0,2
1.2. Þrautseigja í námi	4,2	92	-0,3	4,5	16.652	-0,3
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,9	92	0,3	4,8	16.891	0,1
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,6	91	-0,4	4,5	16.877	0,1
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,2	91	-0,4	4,4	16.645	-0,2
1.6. Trú á eigin námsetu	4,3	92	-	4,9	16.854	-0,6*

Hér er það liður 1. 6 sem stigast marktækt undir landsmeðaltali en spurt er um mat á getu nemenda til að læra ákveðnar greinar. Íslenska og stærðfræði stigast ágætlega en list- og verkgreinar þarf að skoða og vinna að auknu sjálfstrausti nemenda í þeim greinum.

Líðan og heilsa:

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfssálit	4,0	92	-0,5	4,3	16.581	-0,3
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,2	90	-0,7	4,3	16.537	-0,1
2.3. Vellíðan	4,1	89	-0,6	4,3	16.732	-0,2
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	23	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,8	88	0,2	5,6	16.708	0,1
2.6. Tíðni eineltis	18,8%	16/85	7,2%	14,6%	2505/16639	4,2%
2.7. Staðir eineltis	-	15	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	43,0%	37/86	-5,0%	44,4%	7254/16290	-1,4%
2.9. Hollt mataræði	4,6	86	0,1	4,6	16.431	0,0

Tíðni eineltis hefur hækkað frá fyrra ári og í undirspurningunni er það flokkað svona:




Skóla- og bekkjarandi:


Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,4	86	-0,5	4,8	16.405	-0,4
3.2. Samband nemenda við kennara	4,2	86	-0,2	4,8	16.613	-0,6*
3.3. Agi í tímum	4,9	86	-0,2	4,9	16.595	0,0
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,5	84	-0,2	4,9	16.552	-0,4*
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	4,8	86	-0,2	4,9	16.550	-0,1

Það er áhyggjuefni hversu lágt samband nemenda við kennara stigar og eins hve nemendur upplifa þátttöku sína í kennslustundum litla. Því þarf að breyta því hvoru tveggja hefur áhrif á líðan nemenda. Það er sérstakt að sjá hvernig þróunin var á skólaárinu því mælingin fyrir áramót er mun jákvæðari en eftir áramót eins og sést í töflunum hér fyrir neðan:

3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum – Innan skólaárs*



3.2. Samband nemenda við kennara – Innan skólaárs*



Opin svör:

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Vinsamlegast lýstu því hvað þér finnst sérstaklega <u>gott</u> við skólann.	-	75	-	-	-	-
4.2. Vinsamlegast lýstu því hvað þér þykir <u>slæmt</u> eða megi betur fara í skólanum þínum	-	77	-	-	-	-

Það sem er gott við skólann:

- 5 af 10
- að fara heim
- Að hitta vini
- Að við þurfum ekki að mæta í skólan þegar það eru foreldraviðtöl nema bara til að fara í viðtalið
- Búinn fyrir 16:00
- Frímínúnut og íptótir
- Fólkið og námið
- Góðir krakkar
- Hann er búin stundum snemma
- Katla
- Kennarnir eru alltaf til í að hjálpa. Gott val á milli tíma, frjáls val tímar list og verk greinar.
- Krakkarnir og Birna B

- Sumt
- Sólvieg , steinnun ,nemendurnir ,pú og þa
- Við erum með 1 kl tíma gat á fimtudögum og þa ma ekki fara heim í því gati
- Það er ekkert gott, þetta er kópavogsskoli
- Ekkert nema íþaóttir og frímínútur
- Flestir kennarar, flestir vinir, stærðfræði er skemmtilegt, enska er skemmtileg.
- Flestir krakkar
- Kennarar og vinir
- Matur
- Maturinn er oft góður ect
- Þínu gott
- Svenni kokkur
- Veit ekki
- Vinir
- Vinir
- vinirnir og námið
- Vtk
- Ég veit ekki
- Ég á marga vini, stærðfræði, enska og heimilisfræði 👍👍
- Íþróttir
- Íþróttir ,frímínútur ,list og verk,stærðfræði
- Íþróttir ekki beep test , vinir, heimilisfræði
- Fólkið.
- Góðir vinir
- Góðir vinir
- Kennarar
- stelpur í eldri bekkum 😂😂😂
- Stærðfræði (Andri)
- Sumir kennarar
- Sumt
- Vinir
- Vinir
- Vinir kennarar krakkar námsefni tímar
- Vinir minir
- vink minar og vinir
- Vinkonur mínar og kennararnir mínir
- Vtk
- Ég fæ nógu mikilla aðstoð við námið t.d. stærðfræði,íslenska og enska
- Ég get treyst kennurum mínum
- Íðróttir og frímínútur
- það er margt gott man ekki neitt akkurat nuna
- Það eru goðir kennarar sem kunna flestir sitt fag og eru hjalpsamir. Það er goður bekkjarandi i skolanum.
- Allt

- Ekkert
- Ekkert
- Gott fólk, skemmtilegt að gera stundum, skemmtilegir vinir.
- góðir krakkar, elska fannborg, frjálst í ípad, knúsa vini
- Kennarnir
- Maturinn er allt í lagi.
- Námið
- Pása
- Skemtilegir krakar góðir kennarar
- Strákarnir
- Stærðfræði
- Svenni
- Vinir mínir og flestir kennararnir.
- Vinkonur mínar, frálst í ípad
- Ég á nokkra vini, Fótbolti. Þegar það er kjúklinga pasta/makkarónur.
- Það er næs umhverfi og starfsfólkið er skemmtilegt :)

Það sem er slæmt eða má betur fara:

- að læra
- Ekkert
- Ekkert kemur í hug
- Ekki að stríða aðra
- Klósettin, kennarar, maturinn, reglurnar, námið, prófin, ekki jákvæð, kennarinn,
- Ma ekki fara heim í frímínútum eða í búð að kaupa sér að borða/ vantar betri kennara
- Matur
- Matur og sumir kennarar
- Maturinn
- Myndment
- Skólamaður ekki góður.
- Stelpur og strákar þurfa að fara í sund, stelpur og strákar eru saman í sundi,
- Sumir kennarar
- Veit ekki
- 7.bekkur
- Af krakkar róa sig niður
- Að krakkarnir eru stundum leggja aðra í einelti
- Að læra
- Dresscode mjög gamaldags
- Ekkert
- , sund.
- Ljóð og eðlisfræði
- Læti
- Matur og sumir kennarar
- maturinn
- Maturinn ,skrift ,sumir kennarar

- Maturinn og sumir krakkar
- maturinn, þegar við þurfum að tala fyrir framan bekkinn
- Nemendur
- Stundum er ég utundan
- Sumir kennarar
- Veit ekki
- Ég veit ekki
- þegar kennarinn seigir mér að seiga svarið á eingverju dæmi
- Allt anað
- Ekkert
- Hegðun, læti, craziness etc.
- Kennararnir leiðinlegir
- Kokkurinn er góður að elda en hráefnin sem skólin kaupir er ömurlegt t.d. Í gær kafnaði ég næstum á kjöti að því að það var svo seigt nánast eins og að borða mold
- Krakkar
- Læti í tímum,
- matur og margt flr
- of mikið stærðfræði tímum.
- stærðfræði og frímínútur í vondu veðri
- Sumir kennarar
- Sumir kennarar eru osanngjarnir gagnvart sumum en ekki öðrum og ~~XXX~~KENNARARNIR eru alls ekki goðir finnst mörgum t.d hjalpa manni vitlaust og eru leiðinlegur við akveðna einstaklinga
- sumir kennarar, of mörg próf, skolin byrjar of snemma, of mikið nám stundum
- Veit ekki
- Veit ekki alveg
- veðrir nuna
- Vtk
- Íþróttir
- apr
- 1000orða ritgerðir
- Allt
- EKKI BREITA SÆTUM
- Gervó og körfuboltavöllurinn
- Hitler
- litið frjálst í ipad, ógeði matur, alltof snemma byrja, strákarnir og stelpurnar geta ek hangið saman, tölvu,dönsku og tónmennt kennarar.
- Læti, hávaði.
- Lætti
- Matur kennararnir sýni meiri tilitsam
- Maturinn er vondur. Við höfum ALDREI gist í skólanum og það er MJÖG slæmt. Gerum ekki oft eitthvað skemmtilegt eða förum út og gerum eitthvað
- Mikið
- Of mikið í ensku

- Okkur hérna í Kópavogsskóla dauðvantar nýjan [REDACTED] kennara.
- Sumir kennarar
- Sumir kennararnir og nemendur.
- Svenni
- Vondi skola maturinn, strákar og stelpur geta ekki verið vinir eða hangið saman, kennararnir í tónmennt ,dönsku og tölvum.
- Ég veit ekki neit
- Það er lítið gert varðandi einelti og t.d. í frímínútum hef ég séð að þegar einhver segir starfsmanni frá einhverju neikvæðu sem er í gangi gerir starfsmaðurinn ekki mikið í því.

Starfsmannasamtöl

Samtöl við starfsmenn voru tekin á vormánuðum og í þeim er rætt um líðan og samskipti, óskir um kennslu (á við kennara eingöngu), endurmenntun og búnaðarkaup vegna starfs viðkomandi starfsmanns. Starfsmaðurinn kemur síðan með þau atriði sem hann vill ræða og allt er þetta rætt með tilliti til breytinga og þróunar. Aðgengi starfsmanna að skólastjórnendum er mikið allt skólaárið og í flestum tilvikum bæta formleg samtöl ekki miklu við það sem áður hafði komið fram í óformlegum samtölum. Ávallt er reynt að bregðast strax við óskum og ábendingum upp að því marki sem hægt er en skólaárið 2021-2022 reyndist mörgum mjög erfitt. Stöðugar breytingar á skipulagi vegna Covid og þeirrar hólfaskiptingar sem var í skólanum hafði í för með sér að margir upplifðu sig óörugga og einangraða frá öðrum því starfsmannahópnum var skipt í fjóra hópa sem hittust lítið stóran hluta skólaársins. Þegar þær hömlur losnuðu uppgötvaðist mygla í skólahúsnæðinu og því þurfti að flytja kennslu nemenda að hluta í annað húsnæði og töluvert stóran hluta starfsmanna og því er upplifun margra að hópurinn sé tvístraður og samheldni vanti. Mjög mikilvægt er að bregðast við því og ef áætlanir ganga eftir þá verður viðgerðum lokið fyrir upphaf skólaársins 2022-2023 [þeim lýkur að fullu um miðjan september] og því hægt að vinna með allan hópinn saman. Þá voru gríðarleg veikindi kennara öðrum kennurum erfið því þeir voru beðnir um að taka að sér mun meiri forfallakennslu en áður svo ekki þyrfti að fella niður kennslu. Upplifun margra er að þeir voru orðnir gríðarlega þreyttir í lok skólaársins og sumir komnir með einkenni kulnunar. Það er verulegt áhyggjuefni og þarf að huga sérstaklega að fyrirbyggjandi aðgerðum strax í upphafi næsta skólaárs.

Foreldrasamtöl

Skólastjórnendur hafa í fjölda ára boðið foreldrum allra árganga á morgunfundi til að ræða málefni skólans almennt. Fundirnir hafa fallið niður sl. tvö skólaár en þegar aðgengi að skólanum var aukið voru þeir endurvaktir og undir lok skólaársins var foreldrum barna í öllum árgöngum boðið að koma og ræða við skólastjórnendur. Því miður var mæting ekki góð og markmiðið að fara í sérstakt átak til að efla allt foreldrasamstarf í upphafi næsta skólaárs og

koma því í öflugt horf í samstarfi við foreldrafélag skólans. Þá eru fastir fundir skólastjórnenda og stjórnar foreldrafélagsins þar sem málefni skólans eru rædd og fyrirspurnum foreldra svarað. Fundirnir eru gagnlegir og nauðsynlegir til að byggja upp öflugt samstarf heimila og skóla eftir tvö verulega erfið skólaár.

Þróunarstarf í Kópavogsskóla

Það hefur verið markmið Kópavogsskóla að vera þátttakandi í þróunarverkefnum og í lok skólaárs 2021 lauk þremur slíkum verkefnum. Á skólaárinu var sótt um styrki til tveggja þróunarverkefna, annars vegar í Sprotasjóð (<https://www.rannis.is/sjodir/menntun/sprotasjodur/>) og hins vegar í Endurmenntunarsjóð grunnskóla

(<https://www.samband.is/verkefning/fraedslumal/sjodir/endurmenntunarsjodur-grunnskola/>)

Sprotasjóður samþykkti styrk að upphæð kr. 1.500.000- til verkefnisins „Á leið til framtíðar - skjáþennar og gerð rafbóka“. Markmið verkefnisins, sem hugsað fyrir nemendur námsvers og nemendur að erlendum uppruna, er að aðstoða nemendur með ólíkan menningar- og tungumálabakgrunn við að byggja upp og þróa sínar eigin rafrænu námsbækur í íslensku. Þá samþykkti Endurmenntunarsjóður styrk að upphæð kr. 220.000- til verkefnisins „Að fanga fagmennskuna“ en markmið þess er að bæta gerð kennsluáætlanana með auknu tilliti til nemenda með sérþarfir og nemenda með annað móðurmál en íslensku. Bæði verkefni verða unnin á skólaárinu 2022-2023.

Þá er verkefni í gangi sem eru samskipti og gagnkvæmar heimsóknir kennara og nemenda í 9. bekk við skóla á Spáni og í Þýskalandi. Það er Erasmus+ verkefni (<https://www.erasmusplus.is/um-erasmus/>) sem er styrkt af Evrópusambandinu vegna æskulýðs og íþróttamála. Heiti verkefnisins er *“Fairies are mythical creatures from Germanic mythology who have lived in northern European folklore”*. Nokkrir nemendur 9. bekkjar og þrjú kennarar fóru, vegna verkefnisins, til Spánar í maí sl. og nemendur frá Spáni koma í Kópavogsskóla haustið 2022. Styrkur vegna verkefnisins er Eur 23.932- (um kr. 3.400.000-)

Einnig eru tveir kennara skólans þátttakendur í Erasmus+ verkefni sem Menntasvið Kópavogs hefur umsjón með en markmið þess verkefnis er að innleiða menntun til sjálfbærni.


Könnun á vímuefnaneyslu unglunga

Fyrirtækið Rannsóknir og greining hefur til fjölda ára lagt könnun fyrir nemendur í 8.-10. bekk í allmörgum sveitarfélögum og þar á meðal í Kópavogi. Þar er verið að athuga vímuefnaneyslu, viðhorf foreldra til hennar, samveru foreldra og barna og heilsu og líðan. Könnunin var lögð fyrir í febrúar og niðurstöðurnar eru fyrir Kópavog í heild. Þróun á neyslu vímuefna hefur þróast í rétta átt en hefur ekki verið almennur vandi til fjölda ára. Náíð samstarf er við félagsmiðstöðina og

mál sem upp koma eru unnin með viðkomandi foreldrum. Það er mikilvægt að vera vakandi fyrir breytingum, sinna forvarnastarfi og bjóða upp á fræðslu því reynslan sýnir að aldrei má slaka á.

Lesferill


Matstækið Lesferill er unnið af sérfræðingum Menntamálastofnunar og því er ætlað að meta að grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Lesferill er lagður fyrir þrisvar á hverju skólaári, þ.e. í september, janúar og maí (nemendur 1. bekkjar aðeins í janúar og maí). Lesferli er ætlað að meta grunnþætti læsis: hljóðkerfisvitund, lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Niðurstöðu fyrir Kópavogsskóla í lok skólaársins má sjá á myndinni:



Niðurstöðurnar sýna nokkrar sveiflur og mikilvægt að skoða ástæður þess að nemendur í 3., 6. og 7. bekk stigast betur en nemendur annarra árganga. Fjöldi kennslustunda til lestrarkennslu á unglingsstigi var aukinn töluvert á skólaárinu en ljóst að þar vantar nemendur meiri þjálfun.

Til viðmiðunar þá voru niðurstöður í maí 2021 sem hér segir (9. bekkur er núverandi 10. bekkur):

Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum
Kópavogsskóli, maí 2021



Umbótaáætlun 2022-2023

Teymi um innra mat fór yfir niðurstöður mælinga skólaársins og ákvað að leggja áherslu á eftirtalin atriði:

Efnispáttur	Framkvæmd	Ábyrgð	Lokið	Mat á umbótum
Samband nemenda við kennara	Ráðgjafi vinnur með skólastjórnendum við að finna leiðir til úrbóta	Skólastjórnendur	Maí 2023	Niðurstöður úr könnun Skólapúlsins eftir hverja fyrirlögn

Auka virka þátttöku nemenda í kennslustundum	Skólastjórnendur og stjórn nemendafélagsins leggja fram sameiginlegar tillögur í framhaldi af vinnufundum með kennurum	Skólastjórnendur	Maí 2023	Niðurstöður úr könnun Skólapúlsins eftir hverja fyrirlögn
Skólastefna	Skólastefna Kópavogsskóla endurskoðuð og uppfærð til ársins 2024	Skólaráð	Upphaflega gert ráð fyrir maí 2022 en frestað fram til haustsins 2022 vegna óvenjulegra aðstæðna	Undirbúningsvinna í júní 2022 og endurskoðun með aðkomu allra aðila skólasamfélagsins unnin í upphafi skólaárs 2022-2023
Efling foreldrarstarfs í öllum árgöngum	Námskeið fyrir árgangafulltrúa og umsjónarkennara í september 2022	Skólastjórnendur og stjórn foreldrafélagsins	Október 2022	Skráningar umsjónarkennara á atburðum á skólaárinu og könnun í lok skólaárs

Innra mat skólaárið 2022-2023

- Kynning á niðurstöðum fyrir skólaárið 2021-2022 og umbótaáætlun fyrir skólaárið 2022-2023
- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir foreldra
- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir nemendur
- Námsráðgjafi leggur tengslakönnun og könnun um einelti og líðan fyrir í öllum bekkjum.
- Skólastjórnendur hitta foreldra barna í hverjum árgangi og ræða málefni árgangsins.

- Reglulegir fundir með stjórn foreldrafélags skólans.
- Hluti faglegrar umræðu kennara aukin og fræðsla um valda þætti skólastarfsins frá utanaðkomandi aðilum.
- Reglulegar heimsóknir skólastjórnenda í kennslustundir
- Formleg samtöl skólastjórnenda við starfsmenn.
- Umræðufundir í framhaldi af niðurstöðum kannana vetrarins.
- Niðurstöður Lesferils rýndar eftir hvern skimunarmánuð

Innra mat – áætlun 2019-2025

Skólaárið 2019-2020

- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir nemendur og starfsfólk
- Námsráðgjafi leggur tengslakönnun og könnun um einelti og líðan fyrir í öllum bekkjum.
- Niðurstöður samræmdra prófa
- Lesferill

Skólaárið 2020-2021

- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir nemendur
- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir foreldra
- Könnun námsráðgjafa um tengsl nemenda og einelti og líðan lögð fyrir í öllum árgöngum
- Niðurstöður samræmdra prófa
- Lesferill

Skólaárið 2021-2022

- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir nemendur
- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir starfsfólk
- Könnun námsráðgjafa um tengsl nemenda og einelti og líðan lögð fyrir í öllum árgöngum
- Niðurstöður samræmdra prófa
- Lesferill
- Endurskoðun skólastefnu Kópavogsskóla

Skólaárið 2022-2023

- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir nemendur
- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir foreldra

- Könnun námsráðgjafa um tengsl nemenda og einelti og líðan lögð fyrir í öllum árgöngum
- Niðurstöður samræmdra prófa
- Lesferill

Skólaárið 2023-2024

- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir nemendur
- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir starfsfólk
- Könnun námsráðgjafa um tengsl nemenda og einelti og líðan lögð fyrir í öllum árgöngum
- Niðurstöður samræmdra prófa
- Lesferill
- Endurskoðun skólustefnu Kópavogsskóla

Skólaárið 2024-2025

- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir nemendur
- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir foreldra
- Könnun námsráðgjafa um tengsl nemenda og einelti og líðan lögð fyrir í öllum árgöngum
- Niðurstöður samræmdra prófa
- Lesferill

Lokaorð

Skólaárið var mjög sérstakt og markaðist af sífeldum skipulagsbreytingum vegna samkomutakmarkana, myglu í kennslustofum og gríðarlegum veikindum starfsmanna. Verkefnið eru að breytast og margt af því sem starfsfólk skóla glímur við í daglegu starfi er á mörkum þess að vera heilbrigðismál. Bjargir skólanna til að bregðast við ákveðnum vanda eru því miður ekki nægar því úrlausnarefnið eru mörg hver mjög þung og reyna á. Þrátt fyrir það leggjast allir á eitt við að búa nemendum og starfsfólki gott og öruggt vinnuumhverfi og þróa starfið til framtíðar. Niðurstöður innra matsins eru mikilvægar upplýsingar og benda á þá þætti sem helst þarf að sinna og tækifæri til úrbóta.